

Fundur for.fél Naustaskóla 9/3/2022

Mættar Rósa, Elísa, Anna Sjöfn, Sigurveig, Anna Lilja, Fanney og Harpa. Elísa skrifar fundargerð

Góðan dag,

Hugleiðingar okkar frá fundi síðastliðinn miðvikudag.

Rósa fór yfir skólaráðsfund og þar kom upp eftirfarandi punktur

Rósa fór yfir skólaráðsfund.

-Boltar á leiðinni, ánægja með það

-Hópefli ennþá á dagskrá, hvenær kemst María í það, heyra í skóla - Fanney

-Valgreinar segja stjórnendur að sé léleg mæting á unglingastigi, foreldrar segja að börnin nenni ekki/komist ekki, sérstaklega föstudagar slæmir í fjarvistum.

Foreldrafélagið segir að skólasamfélagi og skólinn leggi ekki nógu mikla áherslu á afleysingakennara í valfögum/list/verklegum greinum og því spyrjum við okkur á móti hvers vegna eiga börnin að taka þessum greinum alvarlega, ítrekað felldir niður tímar í verklegum áföngum, hvað kennir það börnunum annað en að þetta séu ekki alveg nógu merkileg fög.

Anna Lilja talaði um góða stöðu í sjóð for.félags, við styrktum bókasafnið/bækur, frístund/dót og keyptum bolta, körfu-, fót- og brennibolta fyrir alla árganga. Langar að koma meiru af stað, þrátt fyrir að skólaárið sé langt komið.

-Engin Reykjaferð á dagskrá ennþá f/7.bekk, kennarar segjast vera að þrýsta á, kannski þarf þrýsting frá foreldrum líka - Elísa sendir póst á Öllu og spurning um að virkja foreldra á árgangasíðu. Veltum upp hugmynd að gera eitthvað annað fyrir þau fái þau ekki Reykjaferð, hvalaskoðun frá Hauganesi? Verður skoðað á næsta fundi.

-Foreldrafélagið óska eftir nálgun skólans til foreldra til að bjóða foreldra velkomin aftur í skólann, tengja skólasamfélagið aftur við foreldra og fá aftur traust að við séum í þessu saman og þurfum að ná okkur uppúr covid doðanum. stingum uppá foreldrafundum með skólastjórnendum og foreldrum eitt kvöld fyrir hvern árgang, fjáröflunarhugmynd- 10.bekkur gæti verið með kaffi og konfekt sölu/vöflusölu.

-Getum við fengið aðstoð frá kennurum til að óska eftir foreldrum til að standa fyrir bekkjarkvöldum í vor á upplýsingasíðum kennara, lokaátak? 1.bekklar kennarar eru ekki með facebook upplýsingasíðu stóð það aldrei til? Eru facebook upplýsingasíðurnar auglýstar foreldrum, spurning um að hafa hlekk í hverju fréttabréfi :)

Lets talk mental health - góðgerðardagur/góðgerðarvika

-Væri hægt að fá kennara til að spjalla við nemendur ekki um stríðið heldur líðan barnanna í samfélagsfræði tíma, við getum ekki svarað neinum spurningum um þetta stríð en við getum spurt um líðan barnanna og tilfinningar þeirra og í framhaldi haldið góðgerðardag/daga.

-Hugmyndir frá börnunum nafnlausar og þau kjósa bestu hugmyndina eða eitthvað slíkt, við myndum vilja koma þessari góðgerðardegi/dögum á fyrir páska þetta er tilvalið hópefli og bekkjarhristingur þar sem ekki hefur verið mikið um það síðastliðin tvö ár.

-Okkar hugmynd var t.d. að koma með dósir að heiman eða heillega flík sem svo hægt er að koma til rauða krossins vegna komandi flóttamanna, unglíngastig færi þá í sjálfboðavinnu með strætó að Rauða krossinum. Svo væri hægt að hreinsa umhverfið/plokka. Koma með notaða síma að heiman og tékka hver er að taka við þeim rannsóknarvinna.

-Hvenær verður árs hátíð nákvæmlega, í fréttabréfi talað um lok mars en í skólada gatali 6.-7.apríl og kósídagur 8.apríl. Foreldrafélagið vill bjóða uppá pizzur fyrir börn og starfsmenn á kósídegi, þið sjáið um að panta/leita tilboða og gera magnáætlun og við greiðum herlegheitin.